

12. Settu tölustafina 1 til 7 fyrir framan setningarnar svo þær verði í sömu röð og í sögunni. Hafðu bókina um Láka Mána hjá þér til að líta í ef þú þarft.


- ☐ Á Akureyri býr drottningin yfir Íslandi. Hún er göldrótt og mjög hættuleg.
- ☐ Letikeppir eru húsálfar, segir Hrekkur. Þeim líður best í rykugum bókakössum.
- ☐ Hrekkur situr í tómun kassanum. Hann er orðin mjór eins og ormur.
- ☐ Láki Máni fer í skólann. Hann skrifar um fjársjóði í Esju. Hann segir frá rauðum drekum.
- ☐ Systurnar ráðast á nýjar bækur eins og kassa af karamellum. Þær eru sjúkar í bækur
- ☐ Hrekkur er móðgaður. Ég er bara þræll á þessu heimili, tautar hann. Letikeppur les hærra.
- ☐ Hrekkur er spældur og argur. Þegar letikeppir verða reiðir standa þeir á haus. Það er dagsatt.

13. Hvað fannst þér skemmtilegast í þessari sögu?

Nafn: _____

Láki Máni og letikeppurinn 3

Í flestum sögum eru persónur. Mest er talað um aðalpersónur en minna um aukapersónur. Tengdu saman.



Í sögum er upphaf, miðja og endir. Í upphafi þessarar sögu nennir Láki ekki að lesa. Í miðjunni kynnumst við letikeppnum sem les fyrir Láka. Í endanum er vandinn leystur og Láki fer sjálfur að lesa.

Skrifaðu orðin í sem vantar.

1. Í upphafi sögunnar nennir Láki Máni ekki að _____ og notar tímann í að spila _____.
2. Í miðju sögunnar kynnumst við Hrekk _____.
Hann hjálpar Láka Mána að _____.
3. Í lok sögunnar hefur _____ letikeppur ekkert að gera. Láki Máni _____ bækurnar sjálfur.

Svaraðu spurningunum.

1. Hvað finnst Láki Mána skemmtilegt að gera?

2. Hvað finnst Láka Mána ekki skemmtilegt að gera?

3. Hvað heitir bókin sem Klara er að lesa?

4. Hvaða vera býr í bókakassanum?

5. Hvað eru letikeppir og hvar líður þeim best?

6. Á hverju nærir Hrekkur Letikeppur?



7. Af hverju leið Hrekk svona vel hjá Láka Mána?

8. Hvað segir Hrekkur að borgarbúar geymi í Esjunni?

9. Í hverju baða rauðu drekarnir sig?

10. Í sögunni er talað um nokkur undarleg dýr. Finndu nöfn á fjórum þeirra og skrifaðu þau á strikin.

11. Hvernig uppnefndu krakkarnir Láka Mána?

